



Faghópur II

Fundargerð 26. fundar

Orkugarði 18. nóvember 2009, kl. 13:00

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Guðni Guðbergsson, Jóhannes Sveinbjörnsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Anna Dóra Sæþórsdóttir, Friðrik Dagur Arnarsson Rögnvaldur Ólafsson Ólafur Örn Haraldsson, Sveinn Runólfsson.

Fundarfrásögn:

1. **Fundargerðir** voru ekki afgreiddar á fundinum.
2. **Kynning á hlunnindamati í 1. áfanga.** Guðni, sem átti sæti í faghópi 2 í 1. áfanga rammaáætlunar, kynnti matsferli sem þá var viðhaft. M.a. lagði hann fram vinnuþlögg sem stuðst hafði þá verið við varðandi mat á veiðum. Ákveðið var að nýta svipaða uppsetningu. Guðni tók að sér að uppfæra aðal vinnuskjalið og leggja fram tillögu að einkunnum. Jafnframt var ákveðið að meta vatnsföll annars vegar ofan og hins vegar neðan við áformaðar stíflur.
3. **Aðstoð við mat.** Þar sem þekkingu faghópsins á ám og vötnum, og ekki síður er varðar skotveiðar, þrýtur er nauðsynlegt að leita ytri ráðgjafar.
4. **Næsti fundur** verður haldinn nk. fimmtudag, 25. nóv, en framhald hlunnindamats verður á fundi þann 2. des.
5. **Fundi var slitið** kl. 15:00.